

Hilmar F. Thorarensen
Kaplaskjólsvégi 62
107 Reykjavík

2003110034
4901; 9310

Reykjavík, 6. maí 2004
/--

Efni: Sjóvörn við Karlshöfn á Gjögri, Árneshreppi. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Hilmars F. Thorarensen dags. 13. nóvember 2003 og 1. og 13. apríl 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagfæring á sjóvörn samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Árneshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Árneshreppi með bréfi dags. 24. nóvember 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 25. nóvember 2003, Siglingastofnun með bréfi dags. 4. febrúar og 26. apríl 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. desember 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fyrirhugað er að lagfæra og byggja sjóvörn við Karlshöfn á Gjögri og verða sjóvarnargarðar skv. uppdrætti samtals um 40 m langir. Efnisþörf er áætluð 500-800 m³ og að megnið af efninu fáiist úr fjörunni og lendingunni en það grjót sem á vantar verður fengið úr grjótnámu í landi Reykjaness. Tilgangur framkvæmdarinnar er að vinna að lokafrágangi Karlshafnar og verja tvö sjóhús í framhaldi af fyrri sjóvörnum þar. Hlutverk skjólgarðs í Karlshöfn er að veita þar smábátum skjól yfir sumarmánuðina en ekki allt árið.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA

Í umsögn Árneshrepps, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í fyrri umsögn Siglingastofnunar kom fram að stofnunin liti svo á að lágmarks framkvæmdir, sem beinist að því að endurraða sjóvarnargörðum á svipaðan hátt og gert hafi verið úr grjóti

sem þegar sé til staðar í fjörunni, muni ekki standast ölduálagið eins og reynslan sýni. Sé stefnt að gerð mannvirkja sem standast eiga ölduálagið á staðnum leggi Siglingastofnun til að settar verði fram raunhæfar tillögur að uppbyggingu mannvirkja og gerð grein fyrir þörf fyrir aðflutt efni. Í ljósi framlagðra gagna framkvæmdaraðila og umsagnar Siglingastofnunar sendi Skipulagsstofnun erindi til framkvæmdaraðila dags. 12. febrúar 2004 um að þar sem framkvæmdin fælist í gerð varanlegrar sjóvarnar við Karlshöfn væru framlögð gögn framkvæmdaraðila um fyrirhuguð mannvirki ekki fullnægjandi. Því væri ekki hægt að taka ákvörðun um matsskyldu fyrr en frekari gögn lægju fyrir. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 1. og 13. apríl sl. og í kjölfarið óskað Skipulagsstofnun eftir frekara álitum Siglingastofnunar á því hvort framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum og barast umsögn Siglingastofnunar þann 26. apríl sl. Í henni kemur fram að nokkrar breytingar hafi orðið á framkvæmdinni frá því hún var fyrst kynnt Skipulagsstofnun í nóvember 2003. Gerð sé grein fyrir því hvernig skjólgarðurinn verði byggður, hæð hans og fláum að utan og innan og grjótstærðum. Siglingastofnun telur að ofangreind framkvæmd, eins og henni er lýst af framkvæmdaraðila í gögnum dags. 1. og 13. apríl sl. valdi ekki umtalsverðum umhverfisáhrifum og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu sjóvarnar við Karlshöfn á Gjögri, Árneshreppi, sem á að verja tvö sjóhús fyrir ágangi sjávar og skýla bátum að sumarlagi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu taka til afmarkaðs svæðis sem þegar hefur verið raskað. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdirnar muni hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarna við Karlshöfn á Gjögri, Árneshreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að fyrirhuguð framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi Árneshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða sömu laga þar sem ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdasvæðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. júní 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit: Fornleifavernd ríkisins, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun

